

121
7. des.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Húsavíkurkaupþún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Húsavíkurhöfn tekur yfir Húsavíkina austan línu, sem hugsast dregin vest-ast úr Kaldbaksnefi í svonefndar „Snásur“ á Húsavíkurhöfða.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

Hafnarnefnd Húsavíkurhrepps hefir á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum er þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar og reikningskil fyrir hönd hreppsnefndar .

3. gr.

Formaður hafnarnefndar er hafnarstjóri, nema öðruvísi sé ákveðið af hreppsnefndinni.

4. gr.

Daglegar framkvæmdir annast hafnarstjóri í samráði við hafnarnefnd.

Til aðstoðar hafnarnefnd skulu vera svo margir starfsmenn sem þurfa þykir. Hafnarnefnd skipar alla starfsmenn hafnarinnar og setur þeim erindisbréf. Hún getur einnig sagt þeim upp, eða vikið þeim frá um stundarsakir, eittir ástæðum.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlíta boði hans og banni og ennfremur þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

6. gr.

121

Deim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa, eða öðrum störfum sem þar eru framin. 7. des.

7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu og affermingu. Áliti hafnarstjóri að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

8. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip né þétta eldri skip, eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarnefndar og með þeim skilmálum sem hún ákveður. Leyfi hafnarstjóra þarf til að mega leggja skipum upp í hafnarfjöruna til hreinsunar.

9. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum, fiskúrgangi eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni, frá skipum er þar liggja, né flytja það úr landi út í höfnina.

Í landi Húsavíkurhrepps má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki, né breyta þeim mannvirkjum sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hreppsnefndar komi til.

Eigendum þeirra mannvirkja, sem eru eða kunna að verða gerð með leyfi hreppsnefndar, er skylt að halda þeim við þannig að engin hætta geti stafað af þeim. Nú vanrækir eigandi slíks mannvirkis að halda því í því ástandi sem nauðsynlegt er að áliti hafnarstjóra, er þá hafnarnefndinni heimilt að láta gera við mannvirkið á kostnað eiganda, en eigandi er alltaf ábyrgur fyrir öllum þeim skaða á skipum og mannvirkjum annara, er kann að stafa frá mannvirki hans.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

10. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni að þau tálmi affermingu annara skipa, og skulu þau í hvert

121 skipti skyld að hlýða boðum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar um 7. des. það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggjunni, að eigi sé nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að eða frá. Skipum eða bátum má ekki leggjast svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum hafnsögumanns eða starfsmanna hafnarinnar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

11. gr.

Í hverju skipi — að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlauk í lægi hafnarinnar — skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

12. gr.

Ekki má festa skip við bólvirki eða bryggju nema við festarhringa eða festarstólpana. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust. Virkaðlar og festar skulu klæddar þar sem þær hvíla á bryggjunni. Skyld er að hafa tryggar hlifar milli skips og virkis, eða bryggju.

13. gr.

Gufuskip og önnur vélskip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum, eða hafnarmannvirkjunum, standi hættu af því.

Ekki má hleypa vatni á bryggju eða bólvirki að óþörfu.

14. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur þar, sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er honum heimilt, að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum ef nauðsyn krefur.

V. KAFLI

Notkun hafnarbryggna.

15. gr.

Meðan hafnarnefnd ekki ákveður annað, er skipum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð sem þau koma. Þó skulu skip, að öðru jöfnu, er sigla eftir fyrirfram ákveðinni og auglýstri ferðaáætlun og flytja

póst, hafa rétt til þess að leggjast að bryggju, þótt önnur skip liggi þar fyrir, **121**
og verða þau skip að vikja meðan hin eru afgreidd. Samskonar rétt hafa vél- **7. des.**
skip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram
með hæfilegum hraða, að áliti hafnarstjóra, ber því að vikja fyrir öðrum skip-
um, ef hann krefst þess. Ennfremur ber hafnarstjóra að visa skipi frá bryggj-
unni, áliti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

16. gr.

Ef nauðsyn ber til, að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða
bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra
skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabré. Svo er og skipshöfn og
farþegum skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför
þeirra skipa er nær liggja.

17. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að
hafa nægilega sterka hlífidúka milli skips og bryggju, svo að ekkert falli fyrir
borð. Sé þess ekki gætt, ber hafnarstjóra að stöðva verkið, unz bætt verður úr
því sem áfátt er.

Kjölfestu má ekki taka annarsstaðar á lóðum eða mannvirkjum hafnar-
innar, en þar sem hafnarstjóri vísar til.

18. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skip-
stjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggjuna sem notuð hefir verið. Farist það
fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skip-
stjóri greiða allan kostnað.

19. gr.

Þeir munir, eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki
liggja á bryggju eða bólvirki, og ekki annarsstaðar í landi hafnarinnar, en á
þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnar-
stjóra. Skal flytja burt muni og vörur jafnóðum og hann krefst þess. Sé það
ekki gert, lætur hann gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða ábyrgðar-
manna hans.

VI. KAFLI

Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lagi.

20. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn, til þess að leggja megi á
höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lagi, og skal leyfið
bundið því skilyrði, að eigandi láti taka það upp ef það sekkur, eða láta

121 sprengja það sundur, svo það skemmi ekki höfnina. Sé því ekki fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefndin látið gera það á kostnað eiganda. Hafnarnefndin ákveður í hvert sinn hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skulu vera og hvernig þeim skuli fyrir komið.

Nú sannar eigandi geymsluskipsins, með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt að ekki stafi nein hættu að hvað leka snertir, þó það sé mannlaust, þá er honum leyfilegt, að leggja skipinu, og láta það liggja, án þess að menn séu í því, á þeim tíma árs, sem ekki verður heimtað ljós á skipum. Skyld er eiganda að flytja skipið úr stað ef hafnarnend krefst þess.

Ljós skulu tendruð á skipum þessum þegar hafnarstjóri krefst þess. Liggja skipin fyrir utan ákveðið svæði, er einungis er ætlað skipum sem lagt er í lægi, þá skal bæði tendra ljós og gera hljóðbendingar á þeim, eftir þeim reglum sem settar eru í alþjóðasjóferðareglum fyrir skip, sem liggja fyrir akkeri.

21. gr.

Meðan skip liggur mannlaust á höfninni, skal ekki sjaldnar en einu sinni í viku fara út í það, til þess að líta eftir hvort legufæri, eða annað, hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Ekki ber hafnarnefnd ábyrgð á skipum þeim, sem lagt er í lagi á höfninni.

22. gr.

Eigendur báta þeirra, sem skrásettir eru á Húsavík, eða gerðir út þaðan til fiskjar alla vertíð, eiga forgangsrétt á legum við botnkeðjur hafnarsjóðs (múrringar) á höfninni og greiða þeir legugjald eftir nánara ákvæði hafnarnefndar, sem einnig leggur til uppihöld frá botnkeðjunum, en bátaeigendur kosti sjálfir nauðsynlegar festar við uppihöldin og bera kostnað við að ná þeim upp, ef þau tapast niður.

Hafnarnefndin ein má láta leggja botnkeðjur á hafnarsvæðinu.

Þeir, sem leggja bátum sínum á höfninni við eigin festar, skulu hlíta fyrir mælum hafnarnefndar um legustað þeirra.

VII. KAFLI

Um lestargjöld.

23. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip, vélskip og bátar — stærri en 12 smálestir — hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum — eða seglfestu —, skulu greiða lestargjald í hvert sinn sem þau leggjast við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum sem síðar getur.

Ef ekki er öðruvísi ákveðið, greiðist lestargjaldið af netto-burðarmagni skipsins talið í heilum tölum, en brotum skal sleppt. **121**
7. des.

24. gr.

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna á Húsavík og skrásett þar og eru ekki í millilandasiglingum, skulu greiða lestargjald (hafnargjald) einu sinni á ári — 50 aura — fyrir hverja smálest.
- b. Innlend fiskiskip og öll önnur skip, sem ganga eftir föstum auglýstum ferðaáætlunum, greiði 10 aura fyrir hverja smálest, í hvert skipti sem þau koma til hafnar. Þó ekki meira á ári en 1 krónu fyrir hverja smálest.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, nema herskip (varðskip), skip sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiskip og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, skulu greiða 20 aura lestargjald fyrir hverja smálest.

25. gr.

Hafi skipið legið á höfninni í 14 daga, skal greiða lestargjald að nýju — fyrir hverja 14 daga eða brot úr þeim. — Hafi skipið verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, sem það stóð uppi.

VIII. KAFLI

Um ljósgjöld.

26. gr.

Öll skip, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu 1. ágúst til 15. maí — og lestargjöld greiða — skulu greiða ljósgjald þannig:

- a. Skip, sem getur um í 24. gr. a. greiði kr. 5.00 á ári.
- b. Skip, sem getur um í 24. gr. b. greiði kr. 4.00 í hvert skipti sem þau koma til hafnar.
- c. Öll önnur skip greiði 1 eyri fyrir hverja nettó smálest, þó aldrei minna en kr. 4.00 í hvert skipti.

IX. KAFLI

Um bryggjugjöld.

27. gr.

Gjöld af bryggju — eða bryggjum — hafnarsjóðs.

Hvert skip, sem leggst að bryggju, skal greiða bryggjugjöld af nettó-stærð skipsins — talið í heilum smálestum — en brotum skal sleppa.

- 121** Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring — 5
 7. des. aura af hverri smálest, nettó, — þó aldrei minna en 5 krónur — í hvert sinn, eða 75 aura af brúttó smálest í eitt skipti fyrir ll á ári. Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi. Gjaldið má hækka um allt að 25 af hundraði um eitt ár í senn, með samþykki atvinnumálaráðuneytisins.

X. KAFLI

Um vörugjald.

28. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum sem um getur í næstu greinum.

29. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins, eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald.

Af vörum, sem settar eru á land, en eiga að fara aftur með sama skipi, enda sé þess getið á farmskránni, greiðist ekkert gjald.

30. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskránni.
- Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta, til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- Póstflutningur og farangur ferðamanna.
- Vörur, sem fluttar eru úr herskipi (varðskipi) og í herskip.

31. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóri skyldur, að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri og formaður skips (eða báts) gefa drengskaparvottorð um vörumagn það, sem skip hans hefir fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og **121**
gjald greiðist eins og þar segir. 7. des.

Ef vafi leikur á því í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarstjóri, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

32. gr.

Vörugjaldskrá.

A. Aðfluttar vörur.

1. flokkur: 10 aurar fyrir hver 100 kílógr.: Kol, salt og sement.
2. flokkur: Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kílógr.: Allskonar vefnaðarvörur, skófatnaður, leirvörur, glysvarningur, tóbak, eldspýtur og þesskonar léttar vörur.

Allskonar ávextir, vínföng, lyfjavörur, niðursuðuvörur, nýlenduvörur og slíkar vörur, sem reiknast eftir þyngd. — Ekki sykur.

3. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kílógr.: Aðrar vörur sem reiknast eftir þyngd.
4. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir hver 150 kílógr.: Steinolía og aðrar olíur.
5. flokkur: Gjald 5 aurar fyrir tunnu. Tómar, uppsettar eða óuppsettar.
6. flokkur: Gjald 5 aurar fyrir hvert teningsfet: Trjáviður.
7. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir hvert teningsfet: Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

B. Brottfluttar vörur.

1. Flokkur: Gjald 25 aurar fyrir hver 100 kílógr.: Ull, ullarvörur, dúnn, fiður, hert skinn og sundmagi.
2. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir hver 100 kílógr.: Aðrar afurðir, sem reiknast eftir þyngd.
3. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir hverja kjöttunnu, og hverja tunnu lýsis.
4. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir hverja sildartunnu.
5. flokkur: Gjald 3 aurar fyrir hvert teningsfet: Rjúpur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
6. flokkur: Gjald 1 króna fyrir stykkið: Hestar og nautgripir.
7. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir stykkið: Kindur og geitur.
8. flokkur: Gjald 3 aurar fyrir stykkið: Kindaskrokkar.

Þó skal lægsta gjald í öllum flokkum af að- og brottfluttum vörum aldrei vera minna en 10 aurar, en aldrei tekið tvisvar gjald af sömu vöru.

Hafnarnefndinni heimilast að undanþiggja vörugjaldi innlendar afurðir, sem fluttar eru að eða frá staðnum í smáum stíl.

Gjaldskrá þessa má hafnarnefnd hækka um eitt ár í senn um allt að 50% með samþykki atvinnumálaráðuneytisins.

XI. KAFLI

Um ýms gjöld til hafnarinnar.

33. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru hafnarinnar, til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða 5 aura af hverri smálest af nettó-burðarmagni skipsins, fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, þó aldrei minna en 2 krónur.

Undanþegin þessu gjaldi eru skip þau sem eiga heima á staðnum.

34. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar, skal greiða 5 aura fyrir hvert stykki, sem ekki er flutt burt innan sólarhrings. Gjaldið reiknast fyrir hverjar 24 klukkustundir eða brot úr þeim.

Gjald fyrir stærri stykki fer eftir samkomulagi.

35. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum, um lengri tíma, skal greiða gjald sem ákveðið verður með samningi.

36. gr.

Fyrir kjölfestu greiðist gjald, sem hafnarnefnd ákveður í hvert sinn.

37. gr.

Vélbátar — minni en 12 smálestir brúttó — greiði í hafnargjald, bryggjugjald og ljósgjald 5 krónur í hvert sinn, sem þeir koma til hafnar, eða 15 krónur í eitt skipti fyrir öll á ári.

Vélbátar með þilfari, sem eiga heima á staðnum, greiði 35 krónur árlegt gjald. Opnir vélbátar 20 krónur. Róðrarbátar 5 krónur. Undanþegnir þessu eru þeir bátar, sem aðeins eru hafðir í ferðir til heimilisþarfa.

XII. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

38. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

39. gr.

Skipstjóri, eða formaður á bát, ber ábyrgð á greiðslu lestargjalds, vitagjalds, fjörugjalds og kjölfestugjalds. Ef enginn skipstjóri er, eða formaður á fleytunni, ber eigandi ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Hafnarsjóður hefir haldsrétt yfir fleytunni unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti, sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skipið fer burtu úr höfninni. **121**
 Gjaldþaga fyrir ársgjöld ákveður gjaldkeri hafnarsjóðs. 7. des.

40. gr.

Gjöld fyrir vörur þær, sem um getur í 32. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans á Húsavík, og hefir hafnarsjóður haldsrétt á vörunum unz gjaldið er greitt. Leigu samkvæmt 35. gr. greiðir samningsaðili. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefir ekki farm sinn skráðann, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Vörugjald, af vörum sem koma til hafnar, fellur í gjaldþaga þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina — og vörugjald, af vörum sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjaldþaga þegar vörurnar eru komnar í skip.

41. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð renna í hafnarsjóð. Gjaldkeri hafnarnefndar sér um innheimtu þeirra. Fjáreignir hafnarsjóðs skal geyma og ávaxta á tryggilegan hátt, og eru hafnarnefndarmenn ábyrgir fyrir þeim. Fé sjóðsins má eingöngu verja í þarfir hafnarinnar. Hreppsnefnd veitir fé úr sjóðnum að fengnum tillögum hafnarnefndar. Reikningar hafnarsjóðs endurskoðast með reikningum hreppsins og sendast síðan atvinnu- og samgöngumálaráðaneytinu til staðfestingar.

Öll gjöld samkvæmt reglugerðinni má taka lögtaki.

XIII. KAFLI

Ýms ákvæði.

42. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af 3 óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð var lokið.

Yfirmat skal fara fram af 5 mönnum dómkvöddum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður eigi breytt meira en sem nemur 10% af hinna ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

121

7. des.

Enginn, sem hefir bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

44. gr.

Enginn skipstjóri má vænta þess, að fá afgreiðslu hjá lögreglustjóra, nema hann með vottorði frá hafnarstjóra sanni, að hann hafi greitt gjöld þau, er innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta — svo og sektir og skaðabætur, sem honum ber að greiða.

45. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjórinn er ekki á skipi og ekki heldur umboðsmaður hans, samkv. 11. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafn gilt sem skipstjóri hefði fengið hana sjálfur.

46. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20—1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renni í hafnarsjóð Húsavíkur.

47. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 38 19. júní 1933, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1936 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld hafnarreglugerð fyrir Húsavíkurkaupþún 7. maí 1923.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. desember 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.